

Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 64 (3.5.2022) - Samgöngu- og vegakerfi á sunnanverðum Vestfjörðum

Málsnúmer : 2205012
Málsaðili : Vesturbyggð
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 03.05.2022

Inngangur :

Niðurstaða : Rætt um samgöngu- og vegakerfi á sunnanverðum Vestfjörðum og bókun sveitarfélaganna 12. apríl sl. vegna umfjöllunar um ferjuna Baldur. Í kjölfarið óskuðu fulltrúar sveitarfélaganna eftir fundi með Vegagerðinni, Samgöngustofu, innviðaráðherra og formanni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis. Sá fundur fór fram 25. apríl 2022 og voru umræður þar um samgöngu- og vegakerfi á sunnanverðum Vestfjörðum gagnlegar en betur má en duga skal. Vegir á sunnanverðum Vestfjörðum koma illa undan vetri og segja má að þeir séu meira og minna ónýtir. Nauðsynlegt er að brugðist verði við alvarlegri stöðu vega á sunnanverðum Vestfjörðum hið fyrsta. Sveitarfélögin reikna með aðgerðum að hálfu Vegagerðarinnar þó verkefnið virðist vaxa stofnuninni í augum. Sveitarfélögin óska eftir að fá aðgerðaráætlun Vegagerðarinnar um hvernig brugðist verði við þessu alvarlegu ástandi á sunnanverðum Vestfjörðum.